

Allt að	400 m ³	kr. 10 147,00.
400 —	2 000 m ³	— 10 147,00 + kr. 8,10 pr. m ³ þar yfir.
2 000 —	6 000 m ³	— 23 141,00 + — 7,00 pr. m ³ þar yfir.
6 000 —	10 000 m ³	— 50 919,00 + — 6,05 pr. m ³ þar yfir.
Meira en	10 000 m ³	— 75 154,00 + — 5,30 pr. m ³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1 221,00 aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

11. gr. gjaldskrárinnar síðasta málgrein orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 64,00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 450/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Lýsing.

Verð á rafmagni til lýsingar er sem hér segir:

- 2.1 79,5 aurar/kWh. Lágmarksgjald er 264,90 kr. á ári.
 2.2 3 760,00 kr/kWha í uppsettu afli til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði Rafmagnsveitunnar. Auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu.

3. gr.

Heimili o. fl.

Verð á rafmagni til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum, elliheimilum og hliðstæðum stofnunum, til eldunar í veitingahúsum og gístihúsum og til súgþurrkunar á heyi, er sem hér segir:

- 3.1 73,6 aurar/kWh. Lágmarksgjald er 264,90 kr. á ári.

4. gr.

Vélar.

Verð á rafmagni til vélanotkunar er sem hér segir:

- 4.1 79,5 aurar/kWh. Lágmarksgjald er 264,90 kr. á ári.

- 4.2 14,8 aurar/kWh og 763,30 kr/kWa samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30 kW.
- 4.3 119,3 aurar/kWh til vinnuvéla, vinnuljosa og annarrar notkunar við mannvirkja-gerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum. Lágmarksgjald er 264,90 kr. á ári.

5. gr.

Hitun.

Verð á rafmagni til hitunar er sem hér segir:

- 5.1 29,9 aurar/kWh til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 42,7 aurar/kWh til annarrar hitunar. Heimilt er að krefjast lágmarksgjalds 4 270,00 kr/a.
- 5.2 15,7 aurar/kWh til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 22,3 aurar/kWh til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar sinnum á sólarhring, allt að tveim klukkustundum í hvort skipti.
- 5.3 8,2 aurar/kWh til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 11,6 aurar/kWh til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 09—21.

6. gr.

Mælaleiga o. fl.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	49,30 kr.
Orkumælir, þrífasa	197,50 —
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	332,90 —
Aflmælir	321,00 —
Aflmælir með straumspennum	506,00 —
Tvígjaldsorkumælir	321,00 —
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	506,00 —
Móttökuliði, einpóla	222,00 —
Móttökuliði, þrípóla	321,00 —

Leiga skal þó ekki greidd af tækjum, sem notuð eru við rafmagnssölu samkvæmt lið 2.1, 3.1, 4.1 og 4.3.

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

7. gr.

Heimtaugagjöld.

- 7.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.
- 7.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

7.3 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtauggjöld
63 A 1-fasa	kr. 4 170,00
63 A 3-fasa	— 4 520,00
100 A 3-fasa	— 7 160,00
200 A 3-fasa	— 14 320,00
315 A 3-fasa	— 22 560,00
400 A 3-fasa	— 28 630,00
710 A 3-fasa	— 50 830,00
1200 A 3-fasa	— 85 890,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

7.4 Bráðabirgðaheimtaumar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63 A 1-fasa	kr. 807,00	120,00	1 522,00
63 A 3-fasa	— 1 136,00	120,00	1 767,00
100 A 3-fasa	— 1 203,00	157,00	2 028,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstraumsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarukassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

- 7.5 Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.
- 7.6 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.
- 7.7 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.
- 7.8 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.

8. gr.

Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

9. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

10. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur Rafmagnsveitunnar standi undir rekstrar-gjöldum hennar svo og aukningum veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skulu ætíð liggja fyrir áætlanir um rekstur og fjárfestingar á næsta 5 ára tímabili.

11. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma Rafmagnsveitunnar, og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald 58,00 kr.

12. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 108,00 kr.

13. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald 108,00 kr. fyrir að settur sé straumur á að nýju.

14. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt 5. grein er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

15. gr.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19%, samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

16. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, til að taka gildi 1. ágúst 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 448 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitna Reykjavíkur nr. 377, 19. maí 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 17. ágúst 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.